

## Temjið lömbin

Vel tamdir fjárhundar koma að miklu gagni við kindur þó þær séu ekki hundvanar. Það er engu að síður mikilu auðveldara að eiga við kindur sem eru hundvanar. Það má segja að góðir hundar koma ekki að fullu gagni nema að kindurnar séu tamdar. Mín reynsla er sú að þrátt fyrir að kindurnar temjist með tímanum, sé betra að vinna í því að gera þær þjálar.

Ég vinn markvisst í að gera ásetningslömbin hundvön. Á hverju hausti gerist alltaf það sama þegar ég hef sett ásetningslömbin út á tún, og sendi hundinn fyrir þau. Það ganga eitt eða fleiri þeirra í átt að hundinum í staðinn fyrir að forðast hann. Þá leyfi ég hundinum að grípa (pent) í lambið sem ætlar áfram án þess að virða hundinn viðlits. Eins stýri ég lömbunum í rétta átt með því að láta hundinn halda sig fram með fremstu lömbunum. Það líður ekki langur tími þangað til en hundarnir ráða við þessi hundrað lömb. Það er ekki nóg að gera þetta einu sinni. Það er hluti af haustverkunum að setja lömbin inn og út og nota ég tækifærið í hvert sinn, að snúa þeim aðeins með hundunum. Til dæmis læt ég hundinn oft stoppa þau af við að fara beint inn og læt hundinn koma með þau til baka frá húsunum. Ég læt gemsana ekki eiga lömb og set þá út fyrir sauðburð og gef þeim. Það þarf oft eitthvað að flytja þá á milli girðinga. Hér læt ég hundana líka snúa þeim aðeins til og frá. Þeir sem láta gemsana bera, geta tekið þá frá að hausti og rekið þá markvisst til og frá og gert þá þjála. Þetta tekur samanlagt sára lítinn tíma. Þetta er meira spurning um afstöðu en tíma. Kindurnar gleyma þessu aldrei og verða upp frá þessu miklu auðveldari viðfangs hvort sem þær eru í stórum eða litlum hópum.

Að að æfa haustlömbin og gemsana er gullið tækifæri til þess að fara með ungan hund, sem æfður hefur verið á fáum kindum, og venja hann við að vinna í stærri hópum. Þó ég hafi þessi rúmlega hundrað lömb saman í hóp er hægt að taka lítinn hóp (3-6 kindur) af veturgömlu ánum að hausti og vinna þeim í fjárhundakeppni án frekari æfinga. Kindurnar hér á Daðastöðum gefa eftir þó hundarnir haldi sig langt frá þeim og ef ég þarf að láta grípa í kind, dugar að láta þá gera það einu sinni þá gefa þær eftir án frekari þráa. Það þýðir ekki að þær verði daufar. Kindur hér hreyfast ekki síður en annarstaðar, enda háfættar og margar kollóttar að vestan. Liður í því að fjárhundakeppnir verði eins og þær eiga að vera er að kindurnar verði þjálar.

Í helstu fjárhundakeppnum sem haldnar eru á Bretlandseyjum og á Nýja Sjálandi eru hundarnir sendir 800 metra. Við verðum að ná því innan fárra ára. Reyna að ná 400 metrum núna í sumar og 800 metrum eftir 2-4 ár. En þá verða kindurnar að hlýða hundunum, sem sagt að vera það þjálar að hægt sé að nota þær í fjárhundakeppni.

Gunnar Einarsson, Daðastöðum